

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Kjarnaskóg og Hamra.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 27. ágúst 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjarnaskóg og Hamra.

Breytingin felur í sér að afmörkuð er ný 135 m² lóð fyrir dælubrunn fráveitu neðan við Kjarnalund.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ekki var talin þörf á grenndarkynningu sbr. 44. gr. laganna og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 27. ágúst 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til Hulduholts 18 og 20-24 og felur í sér að nýtingarhlutfall lóðarinnar Hulduholt 18 fer úr 0,5 í 0,3-0,4 og nýtingarhlutfall lóðarinnar Hulduholt 20-24 fer úr 0,8 í 0,45-0,65. Að auki er húsgerð Hulduholts 20-24 breytt úr R2 í R1 og þakform gert frjálst.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ekki var talin þörf á grenndarkynningu sbr. 44. gr. laganna og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 28. ágúst 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 11. september 2025